

115

1. sept.

4. gr.
Hlutverk sjóðsins er að styrkja starfsemi kirkjukóra í Dalaprófastsdæmi og efla á annan hátt iðkun söngs og tónlistar í héraðinu.

5. gr.

Vextir að aðrar tekjur skulu leggjast við höfuðstólinn, unz hann hefur náð kr. 20000. Eftir það má verja hæfilegum hluta af árstekjum sjóðsins skv. 4. gr., að mati sjóðsstjórnar.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: Prófastur Dalaprófastsdæmis, og er hann sjálfkjörinn formaður. Sóknarprestur í prófastsdæminu, valinn af héraðsfundi til 4 ára. Sá þriðji skal kjörinn af sýslunefnd Dalasýslu til 4 ára. Stjórnin annast sjóðinn og hefur á hendi úthlutun úr honum. Samþykktir sjóðsstjórnar skulu skráðar í gerðabók.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar skulu færðir í gerðabók og endurskoðaðir af endurskoðendum reikninga sýslusjóðs Dalasýslu.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

116

12. sept.

REGLUGERÐ

um sölu áfengis og tóbaks til flugfarþega á Keflavíkurflugvelli.

1. gr.

Sett skal á fót sölubúð á Keflavíkurflugvelli er selur áfengi, og aðrar þær vörur sem ráðherra ákveður til farþega og flugvélaáhafna, sem um völinn fara í milli-landaflogi.

2. gr.

Áfengisverzlun ríkisins hefur með höndum og ber ábyrgð á rekstri sölubúðar þessarar undir yfirstjórn utanríkisráðherra. Eftir að kaupanda hafa verið afhentar söluvörur, sbr. 9. gr., sér tollgæzlan um að gætt sé nauðsynlegra varúðarráðstafana, unz farþegar og áhöfn eru komnir um borð í flugvél þá, er flytur þá úr landi.

3. gr.

Áfengisverzlunin fær til umráða í gistihúsinu á Keflavíkurflugvelli húsnæði fyrir skrifstofu, sölubúð og birgðageymslu. Skal því þannig fyrir komið, að auðvelt sé að innsigla dyr og skal forstöðumaður útsölnunnar einn hafa lykla, bæði að sölubúð og birgðageymslu.

4. gr.

Áfengisverzlunin heldur nákvæma skrá um allt áfengi sem flutt er frá birgðageymslu hennar í Reykjavík í birgðageymsluna á flugvelli. Skal skráin þannig gerð að sjá megi glögglega hverjar tegundir áfengis eru þangað fluttar og hve mikið af hverri um sig. Þegar vörur eru sendar til friðhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli, skal fylgja þeim nákvæm skýrsla, til tollgæzlunnar á Keflavíkurflugvelli, þar sem tilgreint er hvaða vörur er um að ræða í hverri sendingu, og skal tollgæzlan hafa eftirlit með því að tilgreindar vörur séu fluttar í birgðageymslu friðhafnarinnar.

Forstöðumaður útsölnunnar á flugvellingnum skal færa í sérstaka birgðabók í hvert sinn, sem vörur eru teknar úr birgðageymslunni og fluttar í sölubúðina. Skal bókin þannig færð að fram komi hve mikið af hverri tegund er tekið hverju sinni. Vörutalning í birgðageymslu skal gerð eigi sjaldnar en vikulega. **116** 12. sept.

5. gr.

Tóbaksvörur skal Tóbakseinkasala ríkisins selja Áfengisverzlun ríkisins fyrir nettó kostnaðarverð að viðbættri álagningu, sem ákveðin verði í samráði við utanríkisráðuneytið.

Ríkissjóður endurgreiðir Tóbakseinkasölnunni þá tolla og skatta, sem Tóbakseinkasalan hefur greitt af þessu tóbaki í ríkissjóð.

6. gr.

Eigi má selja öðrum vörur í sölubúðinni en farþegum og áhöfnum flugvéla í millilandaflugi og er öllum öðrum óviðkomandi bannaður aðgangur.

Í sölubúðinni er neyzla áfengis algerlega bönnuð og óheimilt er kaupendum vara í sölubúðinni að fara með þær út úr henni, fyrr en þeir fara beint um borð í flugvélinu til brottfarar af flugvellingnum, og skal tollgæzlan á Keflavíkurlflugvelli sjá um, að fylgt sé þeirri reglu.

Enn fremur skal tollgæzlan fylgjast með flutningi varnings, sem keyptur hefur verið í sölubúðinni, út í flugvélnar og bera ábyrgð á þeim flutningum.

7. gr.

Skylt er farþegum að sýna í sölubúðinni farseðil sinn, eða önnur skilríki er sanna heimild þeirra til að verzla þar, áður en viðskipti hefjast.

Áhöfn flugvélar sýni vottorð flugstjóra.

8. gr.

Vörur úr sölubúðinni má aðeins selja gegn greiðslu í erlendum gjaldeyri.

9. gr.

Útfylla skal í þrítíu afgreiðsluseðil fyrir hvern þann, sem viðskipti á í sölubúðinni. Skal þar greina:

- a) nafn kaupanda;
- b) ákvörðunarstað;
- c) númer flugferðar (flight number);
- d) vörutegund, sem keypt er;
- e) í hvaða gjaldeyri er greitt.

Viðtakandi kvittar á öll eintökin. Að því búnu skulu vörurnar settar í sérstakar þar til gerðar umbúðir, er beri áletranirnar: „Frihöfn — Keflavíkurlflugvelli“ „Duty free store — Keflavik Airport“. Síðan skal innsigli Áfengisverzlunar ríkisins sett á böggulinn og eitt eintak afgreiðsluseðilsins afhent kaupanda, annað eintak seðilsins fær tollgæzlan, en hinum þriðja heldur sölubúðin.

10. gr.

Ef flugvél er komin af stað en verður af einhverjum orsökum að snúa aftur, skulu tollgæzlumenn taka í sínar vörslur vörur, sem keyptar hafa verið í sölubúðinni þar til flugvélin býst til brottfarar að nýju af flugvellingnum.

116

12. sept.

Forstöðumaður frihafnarinnar skal daglega telja birgðir sölubúðarinnar og bera saman við birgðabók. Komi fram birgðavöntun skal hann þegar í stað tilkynna það forstjóra Áfengisverzlunar ríkisins og tollgæzlunni á Keflavíkurflugvelli.

11. gr.

12. gr.

Ráðherra ákveður með hliðsjón af flugumferð um Keflavíkurflugvöll, hvenær sölubúin skal vera opin.

13. gr.

Utanríkisráðherra ræður forstöðumann frihafnarinnar í samráði við forstjóra Áfengisverzlunar ríkisins og setur honum erindisbréf.

Forstöðumaður frihafnarinnar í samráði við forstjóra Áfengisverzlunar ríkisins, ræður annað starfsfólk, sem nauðsynlega þarf við daglegan rekstur stofnunarinnar.

14. gr.

Utanríkisráðherra setur forstöðumanni, í samráði við forstjóra Áfengisverzlunar ríkisins, reglur um reikningsskil og bókhald í því sambandi. Enn fremur útbýr hann verðlista um hverja einstaka vörutegund í samráði við Áfengisverzlun ríkisins.

15. gr.

Forstöðumaður frihafnarinnar skal eigi sjaldnar en vikulega selja til banka allan innkominn erlendan gjaldeyri.

Skal hann jafnframt senda Áfengisverzlun ríkisins og Varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins skýrslu um hinn selda gjaldeyri.

Reglugerð þessi er sett í samræmi við og samkvæmt lögum nr. 53 frá 5. júní 1958 um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja áfengi, tóbak o. fl. á Keflavíkurflugvelli og Reykjavíkurflugvelli til farþega í framhaldsflugi, og laga nr. 19 7. maí 1928 um einkasölu á áfengi.

Varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins, 12. september 1958.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Tómas Árnason.

117

15. sept.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Björns bónda Ólafssonar, Stafholtsveggjum, Stafholtstungum, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 15. sept. 1958.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Björns bónda Ólafssonar, Stafholtsveggjum
í Stafholtstungum.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Björns Ólafssonar, bónda á Stafholtsveggjum í Stafholtstungum.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Elísi Ólafssyni, klæðskerameistara í Ísafjarðarkaupstað, til minningar um Björn bróður hans. Stofnfjárframlag er kr. 12000.